

## Fundargerð 182. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** Miðvikudagur 25. janúar 2017  
**Fundartími:** 16:00 – 17:50  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti  
Margrét Jónsdóttir varaoddviti  
Svanhvít Hermannsdóttir  
Sigurbára Rúnarsdóttir  
Rósa Matthíasdóttir  
Eyðís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

### Dagskrá:

#### Skipulagsmál:

**1. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 118 dags. 27.09.2016 – frestað mál á SF\_178**

**Bitra: Þjónustumiðstöð: Deiliskipulag – 1512011 - frestað mál á 178. fundi SF 12.10.2016**

Á 118. fundi Skipulagsnefndar Uppsveita var lögð fram lagfærð greinargerð deiliskipulags fyrir þjónustumiðstöð í landi Bitru til að koma til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar sem fram koma í bréfi þeirra dags. 22. júlí 2016. Skipulagsnefnd mælir með að sveitarstjórn samþykki breytta skilmála deiliskipulagsins og feli skipulagsfulltrúa að senda málið til afgreiðslu Skipulagsstofnunar að nýju.

Á 178. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps var eftirfarandi bókað: Sveitarstjórn Flóahrepps gerir athugasemd við orðalag í greinargerð þar sem fjallað er um sorpmál. Bent er á að ekkert svæði til losunar sorps er innan sveitarfélagamarka Flóahrepps. Einnig er gerður fyrirvari vegna þess að ekki er hægt að tryggja þjónustumiðstöðinni vatn að svo stöddu. Athugasemdir eru einnig gerðar við stærð skilta og óskað nánari skýringa á því hvernig þau eigi að falla að landslagi og ásýnd svæðisins.

Afgreiðslu málsins frestað þar til fyrir liggja svör við þessum athugasemdum.

Umsækjendur hafa fundað með sveitarstjórn Flóahrepps til þess að fara yfir verkáætlanir. Lögð hafa verið fram breytt gögn sem áttu að koma til móts við athugasemdir sveitarstjórnar og Skipulagsstofnunar við afgreiðslu málsins á 178. fundi.

Sveitarstjórn getur ekki séð að komið hafi verið til móts við athugasemdir sem gerðar hafa verið af sveitarstjórn og Skipulagsstofnun og ennþá gætir ósamræmis í gögnum:

- Þar sem svæðið er á skilgreindu sprungusvæði þá fríar Flóahreppur sig af allri ábyrgð af tjónum vegna jarðskjálfta en svæðið er skilgreint sem sprungusvæði í gildandi aðalskipulagi.
- Misræmi er í texta greinum nr. 2.1 og 2.11, hvað varðar áfangaskiptingu.
- Í grein 2.1 er talað um minniháttar eldsneytissölu en í grein 2.8 er talað um 2 eða 4 dætur, á því er 100 % munur og skilgreina þarf betur stærðir og staðsetningu tanka.

- d) Á byggingarreit B 1 stendur að litaval húsa sé fjálst. Sveitarstjórn óskar eftir nánari skilgreiningu varðandi litaval þar sem sagt er að fyrirhuguð bygging eigi að falla að landslagi.
- e) Á byggingarreit B 2 er talað um fjálst efnisval – óskað er eftir nánari skilgreiningu á þessu varðandi skýli yfir dælu og langferðabíla.
- f) Á byggingarreit B 3 er gerð athugasemd varðandi skilti. Sveitarstjórn sér ekki að orðið hafi verið við athugasemdum hennar, sbr. bókun 178. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps.
- g) Sveitarstjórn Flóahrepps telur eðlilegt að merkja vegi sem tengjast skipulaginu í skipulagsgögnunum með vegnúmerum.
- h) Grein 2.8 þarf að umorða þannig að ekki sé hætt á neinum misskilningi varðandi aðkomu að frístundasvæði og innkeyrslu að þjónustusvæði, sbr. athugasemdir Skipulagsstofnunar.

Sveitarstjórn samþykkir ekki breytta skilmála dags. 22.12.2016, eins og þeir eru lagðir fram á 182. fundi og felur skipulagsfulltrúa að kalla eftir vandaðri gögnum. Samþykkt með 5 atkvæðum.

*Án Eiríksdóttir*  
*Þorvaldur Þorvaldsson*  
*Margrjet Þorvaldsson*  
*Tósa Madsen*  
*Þigurkara Þorvaldsson*  
*Þorvaldur Þorvaldsson*